

Miðvikudaginn 4. október 1961.

Nr. 195/1960. Sveinn Þórarinnsson

(Guðmundur Ásmundsson hrl.)

gegn

Hirti Jónssyni f. h. Jóns Karlssonar Lýðssonar  
og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabætur.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. nóvember 1959, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dagsettri 18. nóvember s. á.

Hefur hann gert þær réttarkröfur, *aðallega* að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. *Til vara* krefst hann þess, að fjárhæðir þær, sem honum var gert að greiða gagnáfrýjanda með hinum áfrýjaða dómi, verði lækkaðar verulega og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu, dagsettri 30. nóvember 1960, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 24. s. m. Hefur honum verið veitt gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 24. nóvember 1960.

Réttarkröfur gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eru *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 75.578.00 auk 6% ársvaxta frá 4. marz 1952 til 28. febrúar 1960, en 10% ársvaxta frá þeim degi til 28. desember 1960 og 8% ársvaxta frá síðastnefndum degi til greiðsludags. *Til vara* krefst hann þess, að fjárhæð héraðsdómsins verði hækkuð innan marka aðalkröfu og vextir ákveðnir, eins og í henni greini. Loks hefur hann til þrautavara krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati dómsins, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknar-

mál, þar á meðal málfærsluþóknunar til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti.

Lagður hefur verið fram í Hæstarétti nýr örorkuútreikningur, þar sem tölur eru færðar til samræmis við breytt kaupgjald, síðan síðasta örorkumat fór fram, en aðiljar eru sam-mála um að leggja til grundvallar dómi í málinu 10% fram-tíðarörorku Jóns Karlssonar Lýðssonar.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja, að aðaláfrýj-andi beri fjárhagsábyrgð á umræddu slysi, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, og þykja bætur þær, er honum ber að greiða, hæfilega metnar samtals kr. 50.000.00. Ber aðal-áfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 4. marz 1952 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, að upphæð kr. 6.830.00. Af þeirri fjárhæð hljóti ríkissjóður kr. 830.00, en talsmaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti kr. 6000.00.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sveinn Þórarinsson, greiði gagnáfrýj-anda, Hirti Jónssyni f. h. Jóns Karlssonar Lýðssonar, kr. 50.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. marz 1952 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði staðfestist.

Í málskostnað fyrir Hæstarétti greiði aðaláfrýjandi kr. 6830.00, og hljóti ríkissjóður kr. 830.00 af þeirri upp-hæð, en skipaður talsmaður gagnáfrýjanda fyrir Hæsta-rétti, hæstaréttarlögmaður Sveinbjörn Jónsson, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1960.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. f. m., hefur Hjörtur Jónsson verkstjóri, Hólmgarði 45, hér í borg, vegna ófjárráða stjúpsonar síns, Jóns Karlssonar Lýðssonar, sama stað, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. nóvember 1958, gegn Sveini Þórarinssyni, Hlíð í Mosfellssveit, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 67.141.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 4. marz 1952 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins hinn 27. f. m. hækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 75.578.00 og breytti vaxtakröfu sinni á þann veg, að hann krafðist 10% ársvaxta frá 22. febrúar 1960 til greiðsludags, en hélt fram vaxtakröfunni óbreyttri að öðru leyti. Þá krafðist hann og málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómismálaráðherra, dags. 29. október 1958, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarsins. Til vara krefst hann þess, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði lækkuð stórlega og málskostnaður látinn niður falla. Stefndi hefur fallið á, að framangreindar breytingar á kröfum stefnanda fái komið að í málinu.

Samvinnutryggingum er stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru þó ekki gerðar kröfur, og hann hefur engar kröfur gert.

Tildrög málsins eru þau, að kl. 15.40 þriðjudaginn 4. marz 1952 varð sóknaraðili, Jón Karlsson, sem þá var tæplega 6 ára gamall, fyrir bifreið stefnda, G 586, við mót Ingólfsstrætis og Bankastrætis hér í borg. Hlaut drengurinn af slysinu brot á hægri lærlegg og skrámur á andlit. Bifreiðin G 586 var 20—30 manna farþegaflutningabifreið, Chevrolet af árgerð 1942. Ók stefndi bifreiðinni sjálfur, en í henni voru 2 farþegar.

Stefndi skýrir svo frá, að umrætt sinn hafi hann ekið bifreið sinni upp Ingólfsstræti. Er hann kom að mótum þess og Bankastrætis, hafi götuvatinn á horninu framundan sýnt rautt ljós. Hann hafi því stöðvað bifreiðina og beðið þess, að grænt ljós kviknaði. Er það varð, hafi hann ekið af stað. Í þann mund hafi hann veitt athygli tveimur stúlkum, er numið höfðu staðar á gangbrautinni vinstra megin við bifreiðina. Hafi honum virzt af lát-

bragði þeirra, að þær ætluðu yfir Ingólfsstræti. Enn fremur hafi hann tekið eftir Jóni Karlssyni, er staðið hafi kyrr ofar á gangbrautinni og snúið að Bankastræti. Hann hafi nú ekið áfram og beygt til vinstri upp Bankastræti í krappri beygju. Á meðan hafi hann séð bæði stúlkurnar og drenginn, en eigi orðið var „neinnar óeðlilegrar hreyfingar á þeim“, eins og komizt er að orði. Er hann var kominn fram hjá stúlkunum og drengnum, hafi hann litið austur Laugaveg, en rétt í því hafi hann heyrt sársaukahljóð frá barni. Er hann heyrði þessi hljóð, hafi hann hemlað og bifreiðin stöðvazt strax, enda hafi hún ekki verið á teljandi ferð. Hann hafi þegar stigið út úr bifreiðinni og gengið aftur með henni og séð þá, hvar drengurinn lá á götunni rétt á móts við vinstra afturhorn bifreiðarinnar. Höfuð hans hafi snúið í austur, en fæturnir í vestur. Stefndi kveðst ekki hafa orðið var við, að hjól bifreiðarinnar færu yfir neina ójöfnu, og hann hefði ekkert um slysið vitað, ef hann hefði ekki heyrt hljóðin í stúlkunum og drengnum. Stefndi getur þess, að „hífangi rok“ hafi verið á þessum tíma, og telji hann ekki ósennilegt, að barnið hafi fokið út á götuna, um leið og hann ók framhjá því, þar eð stormsveipir hafi gengið þarna yfir gatnamótin.

*Vitnið Steingerður Þorsteinsdóttir* skýrir svo frá, að umrætt sinn hafi það ásamt systur sinni verið á leið niður nyrðri gangbraut Bankastrætis. Er þær komu að Ingólfsstræti, hafi þær séð, hvar bifreið stefnda kom upp Ingólfsstræti og var sveigt til vinstri upp Bankastræti á frekar hægri ferð. Er bifreiðin var næstum komin úr beygjuni og vinstra afturhjól bifreiðarinnar var á móts við gangbrautarhornið, hafi það séð til ferða Jóns Karlssonar. Hann hafi komið norðan eystri gangbraut Ingólfsstrætis og gengið hiklaust út af gangbrautarhorninu, eins og hann hyggðist fara suður yfir Bankastræti. Þó hafi því fundizt, eins og drengurinn réði sér varla í rokinu, er stóð á eftir honum, því að hann hafi farið það hratt yfir gangstéttarhornið, án þess hann hlypi þó. Bifreiðin hafi orðið aðeins á undan drengnum að beygja fyrir gangstéttarhornið, því að vinstra afturhjól hennar hafi verið á móts við hornið, þegar drengurinn fór út af gangbrautinni, „rétt framan við hjólið á bílnum“. Vitnið kveðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvornig slysið atvikaðist, því að það hafi gerzt með svo skjótum hætti, að drengurinn féll í götuna fyrir framan hjólið, sem farið hafi yfir annað læri hans. Þá hafi stefndi stöðv að bifreiðina svo að segja strax.

*Vitnið Guðrún Elsa Þorsteinsdóttir*, systir framangreinds vitnis,

skýrir svo frá, að er þær systur komu að greindum gatnamótum, hafi það séð, hvar bifreið stefnda kom upp Ingólfsstræti og var beygt upp Bankastræti. Er bifreiðin var næstum komin fyrir gangbrautarhornið, hafi það séð Jón Karlsson koma norðan Ingólfsstræti að gatnamótunum. Hafi drengurinn komið á gangbrautarhornið, er bifreiðin var langt komin í beygjunni. Drengurinn hafi gengið hratt og það hafi engum togum skipt, að hann gekk út af gangbrautinni og stefndi, eins og hann ætlaði á ská til austurs yfir Bankastræti. Hann hafi lent rétt framan við vinstra afturhjóla bifreiðarinnar. Vitnið kveðst ekki hafa séð, hvort það var hlið bifreiðarinnar eða hjól, sem við drenginn kom, en hann hafi fallið fram yfir sig á götuna með höfuðið skáhallt að gangbrautinni. Vitnið kveður bifreiðina hafa stanzað, þegar er hún hafði farið yfir fót drengsins.

Farþegarnir tveir, sem í bifreið stefnda voru, sáu hvorugur tildrög slyssins. Þeim ber saman um, að bifreiðin hafi verið stöðvuð, er hún kom að Bankastræti, sökum þess að götuvitinn þar á horninu hafi þá sýnt rautt ljós.

*Drengurinn, Jón Karlsson*, skýrir svo frá tildrögum slyssins, að hann hafi verið á leið að afgreiðslu dagblaðsins Vísis í húsinu nr. 3 við Ingólfsstræti. Er hann kom að umræddum gatnamótum, hafi hann stigið aðeins út af gangstéttinni og um leið orðið fyrir bifreið stefnda. Kveðst hann ekki hafa séð til ferða bifreiðarinnar, fyrr en um leið og hann lenti á bifreiðinni.

Þegar eftir slysið kom á vettvang lögregluþjónn, er nærstaddur hafði verið, svo og skömmu síðar starfsmenn rannsóknarlögreglunnar, er gerðu uppdrátt af slysstaðnum og tóku ljósmyndir af honum. Liggja gögn þessi frammi í málinu. Dómarinn hefur og athugað staðhætti á slysstaðnum, sem ekki hafa breytt, síðan slysið varð. Svo hagar til á umræddu horni, að rúmlega tveggja metra breið, afmörkuð gangbraut liggur frá því til suðurs yfir Bankastræti. Er gangbraut þessi í svo til beinu framhaldi af gangstéttinni upp Ingólfsstræti. Frá gangbraut þessari og upp Bankastræti eftir jaðri nyrðri gangstéttar þess er um eins metra hátt handrið. Ljósmyndirnar og uppdrátturinn sýna, að bifreið stefnda hefur verið stöðvuð þannig, að hægra afturhorn hennar hefur skagað ca. tæplega 1 metra út á hina afmörkuðu gangbraut. Vinstra afturhorn bifreiðarinnar hefur verið ca. 1 metra frá gangstéttarbrún, en vinstra framhorn upp undir 3 metra. Sýnt er á uppdrættinum, hvar drengurinn lá eftir slysið. Er sá staður

efst í beygjunnj á móts við enda handriðsins og alveg upp við gangstéttarbrúnina.

Bifreið stefnda var samdægurs skoðuð af tveimur bifreiðaeftirlitsmönnum. Í skýrslu þeirra um skoðunina, dags. 5. marz 1952, segir m. a. á þessa leið:

„... Fóthemlar voru ekki í sambandi á framhjóllum, og þegar ekið var á ca. 25 km hraða á láréttri götu og hemlum var beitt með fullu átaki, stöðvaðist bifreiðin á 10 metra færi. Handhemill í lagi ...“

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að augljóst sé, að stefndi hljóti að hafa séð Jón Karlsson, er drengurinn var á leið upp Ingólfsstræti, áður en stefndi beygði upp Bankastræti. Stefnda hafi því borið að bíða, þangað til drengurinn var kominn suður yfir Bankastræti eða a.m.k. þann hluta götunnar, sem bifreiðinni var ætlað að fara. Enda þótt sú staðhæfing stefnda væri rétt, að drengurinn hafi staðið kyrr á horninu, er stefndi sá hann, en því er mótmælt sem ósönnuðu, þá hafi það verið sjálf-sögð varúðarráðstöfun allt að einu, að sjá fyrir enda farar drengsins yfir Bankastræti, áður en bifreiðinni var ekið fyrir hornið. Slík varúð af hálfu stefnda hafi verið enn brýnni en ella sakir þess, hve ungur drengur átti í hlut, og enn fremur vegna þess, að drengurinn hafi hrakizt undan snörpum stormi.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að sannað sé með framburði vitnanna tveggja, sem um slysið hafa borið, svo og skýrslu stefnda, að það hafi ekki verið á hans færj að afstýra umræddu slysi. Augljóst sé, að drengurinn hafi ekki farið út af gangstéttinni, fyrr en eftir að hann var kominn úr auglýsning stefnda. Stefndi hafi hemlað, um leið og honum bárust til eyrna óp stúlkanna og drengsins, og bifreiðin hafi stöðvazt samstundis. Smávægilegur galli á hemlum bifreiðarinnar skipti því engu máli.

Er stefndi ók bifreið sinni fyrir umrætt horn, var drengurinn, Jón Karlsson, annað hvort kominn á hornið eða rétt ókominn að því, og hafði stefndi ástæðu til að ætla, að drengurinn hefði í hyggju að fara yfir Bankastræti. Um leið og umferðarljósin við gatnamótin heimiluðu stefnda að aka af stað, var gangandi vegfarendum heimilt að fara yfir Bankastræti, og bar stjórnendum ökutækja, er leið áttu um gatnamótin, að vægja fyrir þeim. Að svo vöxnu máli bar stefnda að sýna ýtrustu varúð, er hann ók bifreið sinni áfram úr Ingólfsstræti áleiðis yfir hina afmörkuðu gangbraut yfir Bankastræti. Var þörf ýtrustu var-

úðar af hans hendi enn brýnni, þar sem hemlar bifreiðarinnar voru ekki í fullkomnu lagi, svo og fyrir þá sök, hve ungur drengur átti hér í hlut og að drengurinn átti í vök að verjast vegna hvassviðris. Með vísun til framangreindra ástæðna og þar eð ekki er í ljós leitt, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, þótt stefndi hefði sýnt fyllstu aðgæzlu og bifreiðin hefði verið í fullkomnu lagi, ber að leggja á stefnda fébótaábyrgð á tjóni drengsins, Jóns Karlssonar, af völdum slyssins, sbr. 34. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, er í gildi voru á þessum tíma. Með tilliti til þess, hvernig atvikum var hér háttað, og sérstaklega þegar hafður er í huga hinn ungi aldur drengsins, þá þykja ekki vera fyrir hendi nægar ástæður til þess að takmarka fébótaábyrgð stefnda á slysinu. Verður honum því gert að bæta að fullu tjón drengsins af völdum slyssins.

Stefnandi sundurliðar fjárhæð kröfu sinnar þannig:

1. Örorkutjón ..... kr. 50.578.00
2. Þjáningar, önnur óþægindi og lýti — 25.000.00

---

Kr. 75.578.00

#### Um 1.

Af slystaðnum var Jón Karlsson fluttur í Landspítalann, þar sem gert var að meiðslum. Lá hann síðan í því sjúkrahúsi tæpa 3 mánuði, en var þá fluttur heim. Í vottorði Friðriks Einarssonar, deildarlæknis í Landspítalanum, dags. 9. marz 1952, segir á þessa leið um meiðsli drengsins:

„.... Drengurinn var ekki sjokkeraður, hann er með fullri rænu og kveinkar sér hvergi, nema kvartar um verk í hægri læri.

Skoðun sýndi brot á hægri lærlegg.

Auk þessa voru fleiður á enni, og blætt hafði undir húðina á enninu ....“

Í vottorði sama læknis, dags. 16. júní 1960, segir m. a.:

„.... Fyrst var gert að brotinu með því að leggja tog á fótinn, en 9 dögum síðar var gert að brotinu með skurðaðgerð og það spengt og einnig lagðar gipsumbúðir. Sjúkl. lá á handlæknisdeild Landspítalans til 29. maí 1952. Hann hafði þá gengið í nokkra daga án þess að hafa nokkrar kvartanir og var nú sendur heim til sín.

13. júní 1952 kom sjúkl. til athugunar hingað á deildina og einnig 2. okt. sama ár. Hann gekk þá orðið vel á fætinum, rtg. myndir voru teknar í bæði skiptin, og sýndu þær brotið vel á vegi með að gróa, en dálítil sveigja var á brotstaðnum.“

Hinn 31. maí 1956 var drengurinn skoðaður af Bergþóri Smára lækni. Mat lækni­rinn síðan varanlega örorku drengsins af völdum slyssins. Er örorkumat­ið dags. 7. júní 1956. Í því segir m. a. á þessa leið:

„... Drengurinn kveðst nú hafa lítil óþægindi í fótlimnum, en segist eiga dálítið erfitt með að hlaupa. Móðir hans upplýsir hins vegar, að hann sé mjög taugaveiklaður eftir slysið.

Við skoðun kemur í ljós, að Jón stingur dálítið við, þegar hann gengur, en getur gengið hratt og að öðru leyti eðlilega.

Utanvert á vinstra læri er um 18 cm langt ör eftir skurðaðgerð. Stytting á vinstri fótlim mælist vera um 2 cm. Engin vöðvarýrnun mælanleg. Hreyfingar í liðum eru eðlilegar. Dálítil hryggskekkja er í mjóbaki (afleiðing styttingarinnar).

Mér virðist drengurinn eðlilegur í framkomu.

Varanleg örorka af völdum ofanefnds slyss telst hæflega metin: 10%.“

Hinn 14. júní 1960 endurskoðaði Bergþór Smári framangreint örorkumat sitt, en taldi ekki ástæðu til að breyta því.

Jón Karlsson er talinn fæddur 13. marz 1946. Vantaði því 9 daga á, að hann væri 6 ára gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi. Hinn 29. apríl 1958 var áætlað fjárhagslegt tjón drengsins vegna 10% varanlegrar örorku reiknað út af K. G. Guðmundssyni cand. act. Útreikningurinn er tvíþættur. Er annars vegar lagt til grundvallar verkamannakaup samkvæmt Dagsbrúnartaxta fyrir dagvinnu, en hins vegar meðalkaup giftra daglaunamanna, iðnverkamanna og sjómanna í Reykjavík og kaupstöðum og kauptúnum landsins á tímabilinu 1951—55. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir tekjuöflun frá 14. aldursári, fyrsta árið 5% af fullum tekjum, en síðan hækkandi árlega, unz fullum tekjum er náð við fullnaðan 21 árs aldur. Reiknað á þennan hátt verður niðurstaðan sú, að verðmæti atvinnutjónsins á slysdegi nemi kr. 37.355.00 í fyrra tilvikinu, en kr. 42.141.00 í því síðara. Í báðum tilvikum er reiknað með 6% vöxtum p.a., dánarlíkum íslenzkra karla samkvæmt reynslu frá tímabilinu 1941—'50 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Hinn 21. júní 1960 gerði K. G. Guðmundsson nýjan útreikning á áætluðu atvinnutjóni Jóns Karlssonar vegna kaupgjaldsbreytinga, er orðið höfðu frá því fyrri útreikningur var gerður. M. a. lágu nú fyrir upplýsingar um meðalatvinnutekjur kvæntra daglaunamanna, iðnverkamanna og sjómanna fyrir árin 1956—'58. Reyndust þær á þessu árabili vera 37.5% hærri en verkamanna-

kaup fyrir dagvinnu eingöngu. Með því að leggja þær tekjur til grundvallar varð niðurstaðan kr. 50.578.00 í stað kr. 42.141.00 í fyrra útreikningi. Með því aftur á móti að leggja til grundvallar hækkað dagvinnukaup verkamanna samkvæmt Dagsbrúnartaxta, varð niðurstaðan kr. 41.078.00 í stað kr. 37.355.00 áður. Að öðru leyti voru notaðar sömu forsendur og í fyrra útreikningi.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem of háum.

Þegar virt eru gögn þau, sem þessi kröfuliður er studdur, svo og annað það, sem helzt kemur til álita við ákvörðun bóta samkvæmt honum, þykir hæfilegt að taka hann til greina með kr. 35.000.00.

## Um 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum.

Þegar virt eru meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra samkvæmt læknisgögnum þeim, sem rakin hafa verið, þykir hæfilegt að dæma kr. 15.000.00 í bætur samkvæmt þessum kröfulið.

Úrslit málsins verða þá þau, að tjón stefnanda telst nema kr. 50.000.00 (kr. 35.000.00 + kr. 15.000.00). Þessa fjárhæð verður stefndi dæmdur itl að greiða stefnanda ásamt 6% ársvöxtum frá 4. marz 1952 til 22. febrúar 1960, en að því leyti er vaxtakröfunni ekki mótmælt, svo og 10% ársvöxtum frá 22. febrúar 1960 til greiðsludags, sbr. 31. gr. laga nr. 4/1960.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða útlagðan kostnað af málinu, kr. 1.820.00, en sú fjárhæð er ekki vefengd. Að lokum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflutningsmaður stefnanda, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 5.800.00 í málflutningslaun, en ríkissjóður kr. 200.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

## Dómsorð:

Stefndi, Sveinn Þórarinnsson, greiði stefnanda, Hirti Jónssyni vegna ófjárráða stjúpsonar hans, Jóns Karlssonar Lýðssonar, kr. 50.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. marz 1952 til 22. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda útlagðan kostnað af málinu, kr. 1.820.00, og kr. 6.000.00 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflutningsmaður stefnanda, Sveinbjörn

Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 5.800.00 í málflutningslaun, en rikissjóður kr. 200.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. október 1961.

Nr. 13/1960. **Sigurður Sigurðsson** (Áki Jakobsson hrl.)

gegn

**Guðmundi Sigurðssyni**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theodor B. Línal.

Útburðarmál.

### Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1960. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framgang útburðargerðar. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu úrskurðar fégeta hefur margs háttar gagnasöfnun farið fram í bæjarþingsmáli málsaðilja, og hafa þau gögn verið lögð fyrir Hæstarétt í máli þessu. Þessi gögn eru þó eigi fullnægjandi til að hnekkja þeim rétti, er stefndi sem skráður eigandi nefndrar íbúðar samkvæmt þinglýsingarþókum og öðrum opinberum skjölum hefur til að segja upp afnotum íbúðarinnar. Ber því að staðfesta úrskurð fégeta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í Hæstarétti.